

Bekkjarnámskrá

1. bekkjar

Skólaárið 2017 - 2018



Umsjónarkennarar: Ástrún Jakobsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir, Marzena Glodkowska og Aðalheiður Jóhannsdóttir er 4 kennarinn í teyminu.

Námstilhögun og

kennsluaðstæður: Í 1. bekk eru 49 nemendur í þremur bekkjardeildum. 1. JÁ, 1-KO og 1-MG. Kennst er í stofum 104, 107, 108.

ÍSLENSKA

Skólinn vinnur samkvæmt vinnulagi í Byrjendalæsi í íslensku en einnig samþættast samfélagsfræði, náttúrufræði, myndmennt og tónmennt að mestu leiti við þau viðfangsefni sem fengist er við í hvert skipti í Byrjendalæsinu.

LESTUR

- Markmið:** Að nemendur læri alla bókstafina og nái undirstöðuleikni í lestri.
- Námsefni:** Gæðatexti, ýmsar léttlestrarbækur.
- Heimavinna:** Heimalestur að minnsta kosti fimm sinnum í viku eftir að nemendur fá lestrarbók heim.
- Námsmat:** Hraðlestrarpróf í febrúar og maí, fyrir þá sem hafa náð tókum á lestrinum. Lesskimunarprófið Lesferill er lagt fyrir þrisvar yfir veturinn.

SKRIFT

- Markmið:** Að nemendur læri að halda rétt á skriffæri og draga rétt til stafs.
- Námsefni:** Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+, ýmsar skriftaræfingar í tengslum við Byrjendalæsi.
- Námsmat:** Að vori verður skriftarpróf.

RITUN

- Markmið:** Að nemendur fái innsýn í gildi og gagnsemi ritunar. Að nemendur þjálfist í að tjá sig skriflega bæði með og án aðstoðar.
- Námsefni:** Efni útbúið af kennurum og í tengslum við Byrjendalæsi.
- Heimavinna:** Skrifa sögu í tengslum við stafainnlögn.

STÆRÐFRÆÐI

- **Markmið:** þekki þau stærðfræðilegu hugtök sem unnið er með.
- geti lesið og skrifað tölur frá 0 - 100
- temji sér að rökstyðja svör sín og niðurstöður.
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir að lausnum.

Námsefni: Sproti 1A, 1B og 2A (hluti) nemendabækur og æfingabækur, og ýmis konar ítarefni búið til af kennurum.

Námstilhögun: Reglulega er unnið með viðfangsefnin á hlutbundin hátt í takti við þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir í Sprotu.

Námsmat: Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun og ábyrgð á haustönn. Að vori verður stærðfræðipróf.

LÍFSLEIKNI

Markmið: **Að nemendur** -geti borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi.
-geti áttað sig á því að þeir eru hluti af stærra samfélagi
-geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
-geti sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
-geti áttað sig á að athafnir þeirra hafi afleiðingar bæði góðar og slæmar.
- þekki tilefni, sögu og helstu siði tengda jólum og páskum.
Að vekja nemendur til umhugsunar um jafna stöðu fólks, þrátt fyrir ólíkan uppruna, hæfileika og færni.

Námsefni: Vinir Zippýs, verkefni í anda uppbyggingarstefnunar og litahegðun. Auk þess ýmisverkefni samþætt við Byrjendalæsi.

Námsmat: Fjölbreytt verkefni og aukin færni út frá markmiðum námsgreinar.

SAMFÉLAGSFRÆÐI

- Markmið:** Að nemendur skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga.
Að nemendur þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi.
Að nemendur fræðist um skólann sinn, heimabyggð, land og þjóð.
Að efla sjálfstraust nemenda í anda uppbyggingarstefnunnar.
- Námsefni:** Komdu og skoðaðu umhverfið.
Lögreglan kemur í heimsókn og ræðir við nemendur um umferðina. Samþætt við efnistösk í Byrjendalæsi sem byggist á þeim gæðatexta sem unnið er með hverju sinni.
- Námsmat:** Fjölbreytt verkefni og aukin færni út frá markmiðum námsgreinar.

ÍPRÓTTIR

(2 kennslustundir í leikfimi og 1 í sundi)

- Kennarar:** Atli Freyr Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson.
- Markmið:** Meginmarkmið skólaíprótta er að stuðla að almennum hreyfiproska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.
- Námstilhögun og kennsluáðstæður:** Árganginum er kennt í tveimur hópum í leikfimisal gamla ípróttahússins. Í september og maí er útileikfimi. Sund er kennt í þremur hópum.
- Námsmat:** Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun.

TEXTÍLMENNT

- Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir
- Námstilhögun:** Hvorum bekknum er skipt upp í 2 hópa og er fær hver hópur fjórar kennslustundir á viku.
- Markmið:** Að nemendur:
- kynnist verklagi í einföldum hannyrðum
 - læri að umgangast verkfæri og áhöld, t.d. nálar og skæri

- þjálfari vandvirkni og vinnubrögð

Kennsluaðstæður: Kennt er í Textílmenntarstofu.

Námsmat: Lykilhæfni

HEIMILISFRÆÐI

Kennari: Eva Sigurrós Friðþjófsdóttir.

Kennslustaður: Heimilisfræðistofa 119.

Námstilhögun: Árgangnum er skipt upp í 4 hópa og fær hver hópur fjórar kennslustundir á viku.

Námsefni: Gott og gaman. Uppskriftir og annað efni frá kennara.

Markmið:

- Að nemendur kynnist helstu áhöldum í eldhúsi og æfi sig í að vinna með þau

- að nemendur kynnist gildum hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta

- að nemendur tileinki sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið

- að nemendur tileinki sér jákvæð samskipti við borðhald

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið - yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

TÓNMENT

Markmið: Að rannsaka hljóðheiminn og búa til margs konar hljóð .

Að þjálfari taktskyn nemendanna.

Að nemendur æfist í að hlusta á margs konar tónlist.

Að túlka tónlist með ýmsum hætti, svo sem með dansi.

Að nemendur læri ýmis sönglög og þjálfist í að syngja þau saman.

Námstilhögun: Viðfangsefni samþætt við Byrjendalæsi og samsöngur 1 sinni í vetur.

Námsmat Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun.

NÁTTÚRUFRAEÐI

- Markmið:** Að nemendur kynnist hinum ýmsu eiginleikum vatns.
Að nemendur þekki nokkur sérkenni fiska.
Að nemendur velti fyrir sér samspili ljóss og skugga.
Að nemendur geri sér grein fyrir afleiðingum
árstíðabreytinga í tengslum við veðurfar.
Að nemendur kynnist íslenskum húsdýrum.
- Námsefni:** Komdu og skoðaðu umhverfið. Efni útbúið af kennurum. Efni af nams.is. Samþætt við Byrjendalæsi.
- Námsmat:** Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun.

TÆKNIMENNT

Kennari: Kristín Berglind Oddsdóttir

Kennslutilhögun: Bekkjunum er skipt upp í 4 hópa og er fær hver hópur fjórar kennslustundir á viku.

Markmið:

að nemendur kynnist mismunandi efnum, verkfærum og vinnubrögðum -þjálfari hug og hönd og fínhreyfingar
Verkefni fela í sér að, pússa, saga, negla og mála. Reynt verður að hafa verkefni sem klárast á þremur til fjórum tímum.

Námsefni: Teningur, Hrista, jólatré, myndir á platta, negla nagla og útsögun.

Námsmat: Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun.

MYNDMENNT

Kennari: Marzena Glodkowska
Vikustundir: 4 kennslustundir í viku.

Námsefni: Útbúið af kennara og verkefni af vefnum. Margs konar vinna með liti, pappír, lím, málningu, o.fl. Verkefni í myndmennt eru samþætt við viðfangsefni í Byrjendalæsi

Kennsluhættir: Námsefnið er kynnt nemendum með stuttum fyrirlestrum þar sem hugmyndir þeirra um efnið er rætt, ásamt því er efninu fylgt úr hlaði með sýnikennslu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni á eigin hraða eftir getu. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarfærni sína.

Markmið: Að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra.

Námsmat: Umsögn byggð á einkunnarorðum skólans, virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.

DANS

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Námstilhögun: Árgangnum er skipt í þrjá hópa, sem mæta einu sinni í viku í dans.

Markmið: Að nemendur hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, greini hvað margir slættir eru í takti.

Að nemendur viti hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni dansinn eigi að hefjast.

Að nemendur þekki hugtökin hægri, vinstri, fram, aftur, hliðar, og hvernig eigi að beita hæl og tá.

Að nemendur bjóði upp í dans.

Að nemendur kunni skil á góðum samskiptum við gagnstætt kyn.

Að nemendur læri ýmsar danstegundir.

Námsgögn: Geisladiskar, dvd diskar og myndbönd.

Námsmat: Miðað við námsmat skólans.

FORELDRASAMSTARF

Foreldranámskeið þar sem vetrarstarfið og margt gagnlegt í skólastarfinu er kynnt, er haldið í upphafi skólaársins. Foreldraviðtöl eru í 23. ágúst, 10. janúar og 7. Júní.

Kosnir voru þrír bekkjarfulltrúar, einn úr hverjum bekk, sem verða tengiliðir milli skólans og foreldra.

Skal það áréttað að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, hvort heldur er á skemmtanir eða á venjulegum skóladegi.

Kennarar hafa ekki fasta símatíma, en það ætti að vera auðvelt að ná tali af þeim í skólanum síðdegis. Símanúmer skólans er: 450-8300.

Foreldrar eru einnig hvattir til að nota tölvupóst til að hafa samband við kennara. Ef börn eru veik, ber að tilkynna veikindi daglega, best er að skrá það í gegnum mentor.is eða að hringja kl 8 á morgnana í ritara skólans í síma 450-8300.

Umsjónarkennar eru með eftirfarandi netföng:

Netfang Ástrúnar er astrunja@isafjordur.is

Netfang Kristínar er kristinod@isafjordur.is

Netfang Marzenu er marzenag@isafjordur.is

Nemendur taka þátt í hefðbundnu félagslífi skólans samkvæmt skóladagatali.

Á skólaárinu verða haldnar tvær bekkjarskemmtanir. Önnur fyrir áramót og hin eftir áramót. Bekkjarskemmtanirnar eru haldnar á skólatíma.

Annað

Námsgreinar skarast mikið í 1. bekk og er ekki auðvelt að greina á milli þeirra. Hér hefur verið reynt að geta sem flestra námsbóka og verkefna, en oft ná sömu bækur yfir fleiri en eina námsgrein.

Proskapróf

Hreyfiþroskapróf er lagt fyrir nemendur á miðjum vetri.

Vinabekkur

1. bekkur er í vinabekkjatengslum við 8. bekk. Þessir bekkir hittast reglulega og gera ýmislegt skemmtilegt saman.

